

Erindisbréf íþróttá-, tómsunda- og menningarnefndar Þingeyjarsveitar

I. Stjórnskipuleg staða og skipan

1. gr.

Íþróttá- og tómsundanefnd starfar í umboði sveitarstjórnar og fer með þau verkefni sem henni eru falin og nánar er kveðið á um í erindisbréfi þessu.

Allar afgreiðslur nefndarinnar eru tillögur til sveitarstjórnar nema nefndinni hafi sérstaklega verið falið fullnaðarvald til ákvörðunartöku í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins.

2. gr.

Í þróttá- og tómsundanefnd eiga sæti fimm fulltrúar og fimm til vara sem sveitarstjórn kys til fjögurra ára að afloknum sveitarstjórnarkosningum, skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins. Á sama fundi kys sveitarstjórn formann nefndarinnar.

Íþróttá- og tómsundanefnd kys varaformann á fyrsta fundi nefndarinnar. Sveitarstjóra er heimilt að sitja fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt.

Heimilt er að kalla til á fundi nefndarinnar sérhvern þann sem tengist málum sem er til umfjöllunar hverju sinni.

II. Hlutverk nefndarinnar

3. gr.

Meginhlutverk nefndarinnar er að fjalla um íþróttá-, tómsunda-, æskulýðs- og menningarmál í sveitarfélaginu. Meðal verkefna nefndarinnar er:

- að fara með verkefni sem varða verksvið sveitarfélagsins samkvæmt bókasafnslögum nr. 150/2012, íþróttalögum nr. 64/1998, æskulýðslögum nr. 70/2007, lögum um félagsheimili nr. 107/1970, lög um útlendinga nr. 80/2016 sem og öðrum gildandi lögum og reglugerðum sem varða störf nefndarinnar hverju sinni,
- að vera sveitarstjórn til ráðgjafar í málefnum sem undir nefndina heyra,
- að gera tillögur til sveitarstjórnar um markmið og stefnur í málaflokkum sem undir nefndina heyra,
- að gera tillögur til sveitarstjórnar að gjaldskrá og ráðningu forstöðumanna stofnana innan starfssviðs síns,
- að vera tengiliður félagasamtaka sem vinna að málaflokkum sem undir nefndina heyra og leitast við að samræma störf þeirra,
- að vinna að eflingu félags- og íþróttastarfs í sveitarfélaginu og hafa samstarf við aðra aðila sem að þeim málum koma,
- að fylgjast með starfsemi þeirra stofnana og félagsaðstöðu sem undir nefndina heyra,
- að vinna að fræðslu og forvörnum í sveitarfélaginu í samstarfi við íþróttá- og tómsundafélög og aðra aðila sem málið snertir og stuðla að samræmdum aðgerðum innan sveitarfélagsins að bættri lýðheilsu íbúa,
- að starfa með og leiðbeina ungmennaráði sveitarfélagsins og fær fundargerðir ráðsins til kynningar auk þess sem formanni nefndarinnar er heimilt að sitja fundi ungmennaráðs,
- að efla menningarstarf í sveitarfélaginu,

- fjölmenningarmál og málefni innflytjenda,
- frístundamál eldri borgara,
- að sinna verkefnum bókasafnsstjórnar skv. 8. gr. bókasafnslaga
- að veita styrki og verðlaun sem veitt eru og falla undir málefna svið nefndarinnar, svo sem menningarstyrki, menningarverðlaun og íþróttá- og tómstundastyrki,
- að gera tillögu til sveitarstjórnar vegna undirbúnings fjárhagsáætlunar komandi árs, um forgangsöröðun fjárveitinga til skilgreindra viðfangsefna, s.s. styrkveitinga eða fyrirhugaðra fjárfestinga á þeim sviðum sem undir nefndina heyra,
- að fjalla um önnur þau mál sem sveitarstjórn felur henni.

III. Starfshættir

4. gr.

Fjallað er um fundi og fundarsköp í III. kafla samþykktar um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins og skal þeim fylgt eftir því sem við á.

5. gr.

Í störfum sínum skal nefndin hafa gott samráð við aðrar fagnefndir sveitarfélagsins. Formaður nefndar ber ábyrgð á því að samvinna sé á milli nefnda þegar það á við.

Nefndin skal leitast við að ná því grundvallarmarkmiði að tryggja að ákvarðanir hennar og athafnir séu ávallt í þágu allra íbúa sveitarfélagsins og að fulltrúar í nefndinni setji ávallt almannahagsmuni ofar öðrum hagsmunum.

6. gr.

Í störfum sínum skal íþróttá- og æskulýðsnefnd taka mið af þeim lögum og reglugerðum sem gilda hverju sinni um starfssvið hennar. Þá skal nefndin fylgja gildandi sveitarstjórnarlögum og samþykkt um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins í störfum sínum.

7. gr.

Nefndin kemur saman fyrir luktum dyrum á fastákveðnum fundartíma samkvæmt fundadagatali sem sveitarstjórn samþykkir. Formaður sér um að boða nefndina til fundar í samráði við starfsmann nefndarinnar og sjá þeir sameiginlega um undirbúning funda hennar. Fundarboðun skal vera skrifleg og tilgreina fundarstað, dagskrá og tíma. Fundarboð skal sent fulltrúum í nefndinni og öðrum sem seturétt hafa á fundum eigi síðar en tveimur sólarhringum fyrir fund. Heimilt er að boða fund með rafrænum hætti. Aukafundi skal halda ef formaður telur þörf á eða ef a.m.k. þrír fulltrúar óska þess.

Heimilt er að notast við fjárfundabúnað á fundum nefndarinnar í samræmi við 14. gr. samþykktar um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins og leiðbeininga ráðuneytis sveitarstjórnarmála.

Formaður íþróttá- og tómstundanefndar stýrir fundum nefndarinnar. Fundur telst ályktunarhæfur ef meirihluti nefndarinnar er mættur á fund. Í atkvæðagreiðslum ræður afl atkvæða. Mál telst fallið í atkvæðagreiðslu ef atkvæði falla að jöfnu með og á móti.

Nefndin skal halda gerðarbók sem getur verið rafræn og skal starfsmaður nefndarinnar rita fundargerð. Fundarboð og fundargerðir nefnda skal vinna og varðveita í viðurkenndu skjalavistunarkerfi t.d. One system og skal starfsmaður nefndarinnar bera ábyrgð á eftirfylgni þess. Fundargerðum kemur starfsmaður strax að fundi loknum til sveitarstjóra sem sér um að hún sé lögð fram á næsta sveitarstjórnarfundar til kynningar

Ef notast er við rafræna undirskrift skulu allir nefndarmenn undirrita fundargerð með slíkum hætti svo einungis eitt afrit af fundargerðinni verði staðfest. Fylgja þarf skilyrðum laga um rafrænar undirskriftir, nr. 28/2001 við slíkar undirritanir.

Um ritun fundargerða fer að öðru leyti eftir samþykkt um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins og leiðbeiningum um ritun fundargerða sveitarstjórna, sbr. auglýsingu þess efnis nr. 1181/2021, sem sett hefur verið samkvæmt 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga.

IV. Réttindi og skyldur

8. gr.

Nefndarmönnum er skylt að sækja fundi nefndar nema lögmæt forföll hamli því. Nefndarmaður tilkynnir forföll til formanns nefndar og boðar sjálfur varamann sinn.

Íprótta- og tómstundanefnd er aðeins starfhæf á fundum og skulu nefndarmenn einungis hlutast til um málefni sem eru þar til umfjöllunar nema umboð hafi verið veitt fyrir öðru.

9. gr.

Nefndarmaður skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst áfram eftir að viðkomandi lætur af störfum.

Ákvæði þetta gildir einnig um aðra fundarmenn á fundum nefndarinnar.

10. gr.

Ef þörf krefur skal nefndarmaður víkja af fundi og kalla til varamann sinn ef hann tengist einstaklingum eða málum, sem fjallað er um í nefndinni, þannig að spillt geti óhlutdrægni hans og valdið tortryggni. Fjallað er nánar um hæfi til þátttöku í meðferð og afgreiðslu einstakra mála í 17. gr. samþykktar um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins.

11. gr.

Um þóknun fyrir setu í íprótta- og tómstundanefnd fer eftir reglum sem sveitarstjórn setur um starfskjör kjörinna fulltrúa í Þingeyjarsveit.

Um réttindi og skyldur aðal- og varamanna í nefndinni gilda að öðru leyti ákvæði sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins.

V. Starfsfólk sveitarfélagsins

12. gr.

Starfsmaður nefndarinnar ber ábyrgð á að samþykktum og ákvörðunum hennar sé hrint í framkvæmd. Heimilt er að kalla til á fundi nefndarinnar sérhvern þann sem tengist málum sem er til umfjöllunar hverju sinni.

Starfsmaður nefndarinnar annast undirbúning nefndarfunda í samráði við formann nefndarinnar. Formaður nefndarinnar, eða varaformaður í forföllum hans, ásamt starfsmanni nefndarinnar boða eða láta boða fundi í nefndinni með tveggja sólarhringa fyrirvara. Skal dagskrá fylgja fundarboði. Málgögn skulu varðveitt með tryggilegum hætti þannig að óviðkomandi fái ekki aðgang að þeim.

Formleg erindi, fyrirspurnir og mál er nefndinni berast skulu skráð í málaskrá sveitarfélagsins áður en þau eru tekin fyrir á fundum. Að fundi loknum skal á sama hátt, skrá afgreiðslu mála í málaskrá.

13. gr.

Formaður og aðrir fulltrúar nefndarinnar skulu snúa sér til starfsmanns nefndarinnar eða sveitarstjóra eftir því sem við á til að fylgja eftir staðfestum samþykktum nefndarinnar.

Íprótta- og tómstundanefnd hefur ekki boðvald yfir starfsfólki sveitarfélagsins.

VI. Gildistaka

14. gr.

Erindisbréf þetta byggist á ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 um verkefni sveitarfélaga og starfsemi nefnda á þeirra vegum og samþykkt um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins.

Erindisbréf þetta hefur verið samþykkt í sveitarstjórn og tekur gildi 12.01.2023.